



10. ágúst 2026

Svæðisráð Vestfjarða
b.t. Aðalsteins Óskarssonar
formanns svæðisráðs um strandsvæðisskipulag fyrir Vestfirði.

Sent rafrænt: hafskipulag@hms.is

Efni : Beiðni um afstöðu svæðisráðs vegna stækkunar eldissvæða í Arnarfirði

Inngangur

Arnarlax ehf. vísar til umsóknar fyrirtækisins til Matvælastofnunar um breytingu á rekstrarleyfi fyrirtækisins í Arnarfirði, nr. FE-1105, dags. 15. september 2022, Athygli er vakin á því að umsókn Arnarlax er því tæplega fjögurra ára gömul.

Breytingin á rekstrarleyfinu felst í stækkun á fimm núverandi eldissvæðum í Arnarfirði, þ.e. Kirkjubóli, Hringdal, Fossfirði, Hlaðsbót og Tjaldaneseyrum, Núverandi eldissvæði á þessum fimm staðsetningum eru innan reita í nýtingarflokknum staðbundin nýting (SN) þ.e. SN7, SN8, SN10 og SN15. Stækkun eldissvæðanna mun hins vegar fela í sér skörun við skipulagsreiti í nýtingarflokknum almenn nýting annars vegar og umhverfi og náttúra hvað varðar botnfestingar eldiskvía við Kirkjuból og Hringdal hins vegar.

Umsögn Skipulagsstofnunar vegna breytinga á eldissvæðum

Fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 3. júní 2025, vegna breytinga á afmörkun eldissvæða og skörun svæðanna við skipulagsreiti í nokkrum nýtingarflokkunum.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar skv. umsögninni er sú að svo umfangsmikil stækkun á eldissvæðum út fyrir skilgreinda reiti staðbundinnar nýtingar inn á almenna nýtingu, siglingar, lagnir og vegi, umhverfi og náttúru séu svo stefnumarkandi fyrir nýtingu Arnarfjarðar og ekki í samræmi við gildandi strandsvæðisskipulag. Umsögn Skipulagsstofnunar er meðfylgjandi.

Í umsögn sinni telur Skipulagsstofnun jafnframt að málið sé af því umfangi að svæðisráð þurfi að fjalla um það og taka afstöðu til þess hvort framkvæmdin sé í samræmi við þá heimild sem skilgreind er í kafla 7.3. í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.

Álit HMS á umhverfismati vegna stækkunar eldissvæða Arnarlax í Arnarfirði

Þann 24. júlí síðastliðinn barst álit HMS (Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar) á umhverfismati vegna stækkunar eldissvæða Arnarlax í Arnarfirði. Ljóst er að álit HMS byggir á framangreindu áleti Skipulagsstofnunar frá 3. júní 2025.

Í álitinu HMS segir að fyrirséð sé að framkvæmdin sé takmarkandi fyrir aðra nýtingu. Í álitinu er jafnframt ítrekuð fyrri afstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð stækkun eldissvæða sé það umtalsverð og stefnumarkandi fyrir nýtingu Arnarfjarðar að hún samræmist ekki

Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða 2022 þegar horft er til þeirrar stefnu sem sett er fram í greinargerð og afmörkun reita til ákveðinnar nýtingar á uppdrætti. HMS telur jafnframt eins og fram kom í eldri umsögn Skipulagsstofnunar að málið sé af því umfangi að svæðisráð þurfi að fjalla um það og taka afstöðu til þess hvort framkvæmdin sé í samræmi við þá heimild sem skilgreind er í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða, n.t.t. í kafla 7.3.

Arnarlax gerir eftirfarandi athugasemdir við álit HMS og eftir atvikum umsögn Skipulagsstofnunar um skörun eldissvæðanna við skipulagsreiti skv. strandsvæðisskipulagi:

Athugasemdir Arnarlax við álit HMS og umsögn Skipulagsstofnunar

A. Umfang starfseminnar eykst ekki. Einungis hluti hvers eldissvæðis er í notkun hverju sinni

HMS telur að fyrirséð að framkvæmdin sé takmarkandi fyrir aðra nýtingu og að fyrirhuguð stækkun eldissvæða sé umtalsverð. Þessi afstaða virðist byggja á því að stækkun eldisvæðanna gerir ráð fyrir því að flatarmál eldissvæða aukist úr 5,9 km² í 29 km². Þannig er lögð áhersla á, bæði í álit HMS og umsögn umsagnaraðila að þetta sé stækkun um 390%. Arnarlax vill vekja athygli svæðisráðsins á því að þótt gert sé ráð fyrir auknu flatarmáli eldissvæðanna við stækkun þeirra mun eiginlegt athafnasvæði þar sem kvíar eru staðsettar og eiginlegt eldi fer fram hverju sinni ekki stækka eða aukast að flatarmáli. Markmið stækkunar eldissvæða ein og sér hefur það markmið að gefa möguleika á að færa sjókvíar til á eldisvæðinu við útsetningu seiða eða snúa kvíum (kvíasamstæðu) og aðlaga að straumstefnu. Stækkun eldissvæða ein og sér hefur þannig ekki í för með sér aukin umsvif á eldissvæðinu. Aukin umsvif geta einungis orðið með auknum leyfilegum lífmassa skv. rekstrarleyfi eða breyttum lagareglum um nýtingu leyfilegs lífmassa. Arnarlax vill einnig benda á að þó athafnasvæðið kunni við fyrstu sýn að virðast umfangsmikið, þá er eldisbúnaður aðeins að hluta til á yfirborði. Allur búnaður þarf hins vegar að vera innan skilgreindra hnita eldissvæðisins, þar með talin akkeri, sem geta náð allt að 300 metra frá kvíabólinu en þau raska ekki umferð vegna útivistar á svæðinu. Vegna framangreindra staðhæfinga HMS í álitinu og sérstakrar yfirlýsingar í álitinu að komi til framkvæmda verði stór hafsvæði í Arnarfirði því frátekin fyrir fiskeldi telur Arnarlax að eðlilegt hefði verið að vakinn hefði verið athygli á þessum staðreyndum um eiginlegt umfang eldisstarfseminnar á eldissvæðunum í álit HMS en það er ekki gert.

B. Stækkun eldissvæða nær ekki til allra eldissvæða Arnarlax í Arnarfirði

Fyrirhuguð breyting á eldissvæðum Arnarlax í Arnarfirði felst í stækkun á fimm núverandi eldissvæðum í Arnarfirði. Stækkun þessara fimm núverandi eldissvæða í Arnarfirði felur í sér að skörun við skipulagsreitinn A4 (Hlaðsbót, Hringsdalur, Kirkjuból og Hlaðsbót) og A5 (Fossfjörður). Um er að ræða heildar skörun sem nemur 6,89% af skipulagsreitunum A4, A5 og A6, sem falla undir almenna nýtingu í Arnarfirði. Nánar er skörunin sem hér segir A4 = 10,30%, A5 = 1,01% en skörun við A6 er 0%

Arnarlax vill áréttast að ekki er rétt farið með í umsögn Skipulagsstofnunar að öll eldissvæði fyrirtækisins í Arnarfirði stækki. Þannig er ekki gert ráð fyrir stækkun núverandi eldissvæða við Haganes og Steinanes.

C. Umhverfismat fyrir stækkun eldissvæða í Arnarfirði liggur fyrir

Í umsögn Skipulagsstofnunar er vísað til þess að: „*Sértæk ákvæði gilda á öllum reitum, ýmist um mótvægisáðgerðir vegna sjónrænna áhrifa, áhrifa áfuglalíf eða bæði. Nánari grein verður gerð fyrir mótvægisáðgerðum í álit Skipulagsstofnunar um umhverfismatskýrsluna.*“ Arnarlax áréttar að nú liggur fyrir álit HMS, dags. 24. júlí 2026 um umhverfismat framkvæmdarinnar, byggt á umhverfismatsskýrslu Arnarlax, Sjá meðfylgjandi álit HMS meðfylgjandi.

D. Heimild til eldisstarfsemi á skipulagsreitnum A4 (Almenn nýting)

Þar sem HMS og Skipulagsstofnun telja nauðsynlegt að svæðisráð fjalli um og taki afstöðu til þess hvort framkvæmdin sé í samræmi við þá heimild sem skilgreind er í kafla 7.3. í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða vill Arnarlax taka fram eftirfarandi;

Í kafla 6.3.1 í greinargerð með strandsvæðaskipulagi Vestfjarða¹ er skýrt tekið fram að akkerislægi geta verið á svæðum fyrir almenna nýtingu. Hið sama gildir um atvinnuveiðar. Staðbundin auðlindanýting, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistaka og ræktun, sláttur sjávargróðurs og sambærileg nýting, getur farið fram á svæðum fyrir almenna nýtingu að teknu tilliti til hagsmuna almennrar nýtingar. Hið sama á við um veitulagnir, varp efna í hafið og umferð skipa til og frá höfn. Þessi skilningur er síðan staðfestur í b. lið 3. mgr. 11. gr. a. reglugerðar nr. 330/2020, um gerð strandsvæðisskipulags en þar er kveðið á um að staðbundin auðlindanýting, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistaka og ræktun og sláttur sjávargróðurs og sambærileg nýting, geti farið fram á svæðum fyrir almenna nýtingu að teknu tilliti til hagsmuna þeirrar nýtingar sem tilgreind er í 1.-3. málsl. ákvæðisins.

Arnarlax vísar jafnframt til kafla 7.3 máli sínu til stuðnings þar sem beinlínis er gert ráð fyrir framþróun og útvíkkun á starfsemi yfir á svæði sem nú eru skilgreind sem almenn nýting. Í kaflanum eru sett fram þrjú viðmið sem hafa skal í huga við útvíkkun á starfsemi. Arnarlax telur að núverandi staðsetningar eldissvæða og lega þeirra uppfylli þessi skilyrði. Í kaflanum segir um þetta „*Auk leiðarljósa, stefnu og skipulagsákvæða strandsvæðisskipulagsins skal við ákvörðun um leyfisveitingar til staðbundinnar nýtingar, innan reita sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum Almenn nýting, taka mið af eftirfarandi:*

- *Að staðbundin nýting takmarki ekki aðgengi að þekktum/mikilvægum veiðislóðum.*
- *Að staðbundin nýting hindri ekki siglingar um skipulagssvæðið. Taka skal mið af núverandi umferð og viðmiðum um afmörkun svæða til siglinga.*
- *Að staðbundin nýting rýri ekki möguleika til útivistar og ferðaþjónustu á svæðum sem þekkt eru fyrir útivist, á þekktum viðkomustöðum ferðamanna eða þar sem áformuð er uppbygging til útivistar og ferðaþjónustu...*“

Arnarlax er ekki kunnugt um að stækkun framangreindra eldissvæða muni hafa áhrif á þekktar veiðislóðir eða hindri siglingar á fyrirhuguðum breyttum eldissvæðum. Arnarlax bendir á að fyrir liggur áhættumat siglinga útgefið af yfirvöldum, sem byggir á og gerir ráð fyrir stækkuðum eldissvæðum. Arnarlax er ekki heldur kunnugt um að fyrirhuguð stækkun muni hafa áhrif á skipulagða ferðaþjónustu eða útivist almennings. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að siglingar og umferð nærri núverandi eldiskvíum er takmörkuð skv. lögum. Jafnframt er ekki vitað til þess að slík uppbygging útivistar og ferðaþjónustu sé fyrirhuguð á svæðinu.

Arnarlax vill einnig árétta að þó athafnasvæðið kunni við fyrstu sýn að virðast umfangsmikið, þá eru kvíar og annar eldisbúnaður aðeins að hluta til á yfirborði eins og áður sagði. Allur búnaður þarf að vera innan skilgreindra hnita eldissvæðisins, þar með talin akkeri, sem geta náð allt að 300 metra frá kvíabólinu. Eldissvæðið allt er því ekki lokað fyrir útivist svo sem kajakróður, að undanskildu því að samkvæmt lögum þurfa siglingar og umferð að halda tiltekinni fjarlægð frá eldiskvíum.

Samkvæmt fransögðu telur Arnarlax að ekkert í núgildandi strandsvæðisskipulagi banni stækkun eldissvæða Arnarlax og skörun fyrirhugaðrar eldisstarfsemi fyrirtækisins við skipulagsreitinn A4 breyti þar engu um.

E. Siglingar - Áhættumat siglingaöryggis

Í umsögn Skipulagsstofnunar er vísað til þess að áhættumat siglingaöryggis liggi ekki fyrir en í umsögninni er sagt að slíkt sé forsenda þess að leyfisveiting sé í samræmi við strandsvæðisskipulag. Arnarlax bendir á að áhættumat siglinga liggur nú fyrir en þar er tekið tillit til fyrirhugaðrar stækkunar eldissvæðanna við Kirkjuból, Hringsdal, í Fossfirði, Hlaðsbót og við Tjaldaneseyrar eins og vísað er til í álit HMS. Allar mótvægisáðgerðir hafa verið framkvæmdar og því liggur fyrir fullgilt áhættumat siglinga fyrir Arnarfjörð. Arnarlax telur þannig, byggt á áhættumati siglinga, að fyrirhuguð stækkun geti ekki takmarkað eða hindrað siglingar almennt um Arnarfjörð. Í álit HMS er vísað til þess að „*Afmörkun fyrirhugaðs eldissvæði við Hringsdal fer lítilllega inn á reit SI2 Arnarfjörður. Almenn*


¹<https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/40MpPOjJV7tsKvIisDnQoH/cee07814e85b24d7f9c261faa6572689/Strandsvaedis-skipulag-Vestfirdir-greinargerð-stadfest-m.-undirskrift.pdf>

ákvæði eru skýr hvað varðar fiskeldi innan reita í nýtingarflokknum siglingar, en þau gera ekki ráð fyrir slíkri starfsemi. Í ljósi ofangreinds telur HMS að afmörkun fiskeldissvæða innan reits SI2 ekki samræmast Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða 2022.“ Arnarlax bendir á að einungis botnfestingar neðansjávar skarast inn á reitinn SI2. Ef svæðisráð telur að slík skörun sé ekki í samræmi við gildandi strandsvæðisskipulag verður afmörkun eldissvæðissins breytt til samræmis við umrætt áhættumat siglinga enda skörunin ekki veruleg.

F. Skörun við nýtingarreiti í flokknum lagnir og vegir

Í álitni HMS er stækkun eldissvæðis við Tjaldaneseyrar, eins og henni er lýst í umhverfismatsskýrslu, ekki talin vera í samræmi við ákvæði Strandsvæðisskipulags Vestfjarða 2022. HMS vísar til þess að eldissvæðið við Tjaldaneseyrar er að hluta til innan reits LV6 Bíldudalur – Tjaldanes og á reitnum liggja fjarskiptastrengur í eigu Mílu og íslenska ríkisins en auk þess sé á eystri hluta reitsins rafstrengur í eigu Landsnets.

Hvað varðar skörun á stækkuðu eldissvæði við eystri hluta LV6, þar sem rafstrengur Landsnets liggur vill Arnarlax taka fram að fyrir liggur afstaða Landsnets. Sjá meðfylgjandi bréf Landsnets til Arnarlax, dags. 2. júlí 2025, þar sem gengið er út frá 200 m verndarsvæði til beggja átta frá strenglögnum Landsnets, samtals 400 m. Þetta þýðir að tiltekið svæði (horn) sem skagaði út í eystri hluta LV6 skv. fyrri áformum um stækkun verður fellt brott. Sjá mynd.



Stækkað eldissvæði á Tjaldaneseyrum með 200 m verndarsvæði til beggja átta frá strenglögnum Landsnets – Stækkað eldissvæði er afmarkað með svartri línu

Hvað varðar skörun eldissvæðisins við Tjaldaneseyrar að öðru leyti við nýtingareitin LV6, þar sem fjarskiptastrengur kenndur við Mílu og íslenska ríkið liggur vill Arnarlax áréttu að fyrir liggur umsögn frá HMS, dags. 5. maí 2026, sem tekur af öll tvímæli um að skörun núverandi eldissvæðis á Tjaldaneseyrum við LV6, eins og eldissvæðið er afmarkað samræmist núverandi strandsvæðisskipulag Vestfjarða.

Samkvæmt framansögðu verða þau tvö skilyrði sem HMS setur í álitni sínu um strengi verða uppfyllt af hálfu Arnarlax.

G. Skörun við skipulagsreitinn umhverfi og náttúru

Eins og sjá má á mynd 5 í viðauka, fara eldissvæðin Kirkjuból og Hringisdalur inn á reit umhverfis og náttúru (UN5) meðfram ströndinni. Þar sem þetta er lítill hluti af eldissvæðunum munu einungis akkeri og festingar vera innan UN5 reitsins innan eldissvæðanna.

Ástæðan fyrir því að eldissvæðið þarf að stækka nær ströndinni er tvíþætt. Annars vegar og aðallega vegna burðarþols fjarðarins og hins vegar svo að hægt sé að ná fullnægjandi festu botnfestinga eldiskvía á staðsetningunni.

1. Þannig gerir áætlað burðarþol fjarðarins ráð fyrir að um 50% úrgangs frá 20.000 tonna fiskeldi lendi í botnlagi (dýpra en 75m), á hverjum tíma. Stutt undan strönd Arnarfjarðar dýpkar fjörðurinn mjög hratt og er brattur kantur á sjávarbotni og mörkum djúplags sjávar (75m dýpi) náð tiltölulega skammt frá ströndinni. Grunnssævi við strönd Arnarfjarðar er því takmarkað, sem að hluta til fellur undir verndarsvæði UN5 við suðurströnd fjarðarins, samkvæmt strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Svigrúm til að uppfylla forsendur burðarþolsmatsins varðandi botnlagið er því nokkuð þröngt.
2. Erfitt er að festa tryggilega botnfestingar (akkeri) í miklum halla á botni. Af þessum sökum þarf eldissvæðið að teygja sig nær ströndinni til að hægt sé að tryggja festu þeirra á sléttari flöt Sama á við um Tjaldanes, þar sem verið er að stækka eldissvæðið nær ströndinni af sömu ástæðu.

Í þessu tilliti vill Arnarlax áréttta að samkvæmt almennum skipulagsákvæðum í kafla 4.3.1. í núgildandi strandsvæðisskipulagi fyrir reitina Umhverfi og náttúra kemur fram eftirfarandi:

„Veitulanir, akkerislægi og sambærileg nýting geta einnig átt við á þessum reitum, að teknu tilliti til verndarhagsmuna á viðkomandi reit. Sama á við um atvinnuveiðar.“ Í álit HMS er hins vegar ekkert fjallað um skipulagsákvæði 4.3.1. heldur einungis staðhæft að *„Eldissvæðin við Hringsdal og Kirkjuból ná inn á reit UN5 Suðurströnd Arnarfjarðar að Hvestu. Almenn ákvæði eru skýr í Strandsvæðisskipulaginu hvað varðar fiskeldi innan reita í nýtingarflokknum umhverfi og náttúra, en þau gera ekki ráð fyrir slíkri starfsemi. Í ljósi ofangreinds er ljóst að ekki er gert ráð fyrir staðbundinni nýtingu innan reits UN5, telur HMS að stækkun eldissvæðanna Hringsdalur og Kirkjuból inn á reitinn ekki samræmast ákvæðum Strandsvæðisskipulags Vestfjarða 2022.“* [Áherslubreyting Arnarlax] Þessi annmarki á álit HMS verður að teljast bagalegur enda staðhæfing stofnunarinnar um ósamræmi við strandsvæðisskipulag Vestfjarða án alls rökstuðnings.

Beiðni til svæðisráðs

Í álit HMS og þar áður í umsögn Skipulagsstofnunar er talið að málið sé af því umfangi að svæðisráð þurfi að fjalla um það og taka afstöðu til þess hvort framkvæmdin sé í samræmi við þá heimild sem skilgreind er í kafla 7.3. í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 88/2018 gat Skipulagsstofnun, nú Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun óskað eftir umsögn viðkomandi svæðisráðs áður en hún veitti álit sitt um samræmi framkvæmdar við gildandi strandsvæðisskipulag. Skipulagsstofnun átti þess ekki kost þegar framangreind umsögn var gefin þar sem svæðisráð fyrir Vestfirði var ekki starfandi þegar umsögn var gefin. Í ljósi þess sveigjanleika sem rúmast innan núgildandi strandsvæðisskipulags og athugasemda Arnarlax við álit HMS og umsögn Skipulagsstofnunar hér að framan, óskar Arnarlax eftir afstöðu núverandi svæðisráðs til álits HMS og og eftir atvikum eldri umsagnar Skipulagsstofnunar um það hvort að framangreind framkvæmd rúmist innan núgildandi strandsvæðisskipulags.

Telji svæðisráð að framangreind framkvæmd rúmist ekki innan núgildandi strandsvæðisskipulags óskar Arnarlax eftir því við svæðisráð Vestfjarða að ráðið hlutist til um breytingar á núgildandi strandsvæðisskipulagi og geri tillögu að endurskoðun strandsvæðisskipulags fyrir viðkomandi svæði, skv. 5 gr. laga nr. 88/2018, ef þess er nokkur kostur. Í því sambandi vill Arnarlax lýsa þeirri skoðun sinni að framangreindar breytingar vegna stækkunar eldissvæða verði að teljast óverulegar í skilningi 2. mgr. 14. gr. laga nr. 88/2018, um skipulag haf- og strandsvæða. Við mat á því hvort breyting á strandsvæðisskipulagi geti talist óveruleg skal, skv. 2. mgr., taka mið af því hvort breytingin hafi verulegar breytingar á nýtingu umrædds svæðis í för með sér eða hún sé líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði. Í því sambandi telur Arnarlax að horfa verði til eiginlegrar eldisstarfsemi og nýtingar á eldissvæðinu hverju sinni en ekki verði lagt til grundvallar að formleg stækkun eldissvæðissins verði 29 km² sem í raun er einungis það svæði sem heimilt er að stunda eldi á en ekki það svæði sem nýtt er undir eldisstarfsemi hverju sinni og takmarkar þannig aðra nýtingu í Arnarfirði eins og útivist. Jafnframt vill Arnarlax benda svæðisráði á að skörun sem vísað er til í álit HMS t.d. vegna skipulagsreits vegna siglinga á reit SI2 Arnarfjörður er óveruleg og lítil. Sama á við

um reit vegna umhverfis og náttúru á reit UN5 þar sem skörun við reitinn varðar botnfestingar eða búnað neðansjávar en ekki eldisbúnað á yfirborði.

Sé óskað frekari gagna eða upplýsinga vegna þessa erindis vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Virðingarfyllst
F.h. Arnarlax ehf.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Baldur P. Erlingsson', with a long horizontal stroke extending to the right.

Baldur P. Erlingsson

Afrit sent Matvælastofnun